

Tillögur til 29. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

1. Svæðaskipting strandveiða verði óbreytt og styður félagið tillögu 28. aðalfundar LS um strandveiðar 4 daga í viku 4 rúllur á bát 4 mánuðir á ári en vill að hámarksafli pr dag verði 750 þíg.
Ekkert hámark verði á heildar afla til strandveiða.
2. Línuívilnun nái til allra smábáta í dagróðrum með sama hætti og nú er, en bátar með beitingarvél og uppstokkun um borð fái 5% ívilnun.
Jafnframt fer aðalfundurinn fram á að aukið verði við það magn sem ætlað er til ívilnunar.
3. Auka ber kvóta í ýsu nú þegar um 10 þúsund tonn.
4. Færaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar.

Hrollaugur

*Aðalfundur Hrollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði,
haldinn 27. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

5. Makrílveiðar smábáta á færi verði frjálssar.
6. Komi til takmarkana á markílvæiðum verði framlag frumkvöðla virt.

7. Strandveiðar: allar aflaheimildir sem brenna inni á kvótaári verði bætt við strandveiðipottinn árið eftir.
Komið hefur fyrir að aflaheimildir hafi brunnið inni og þá helst í ufsa, með þessari aðferð eru meiri líkur á að úthlutaðar aflaheimildir nýtist til fulls.
8. Línuívilnun verði breytt í krókaívilnun fyrir dagróðrabáta og hámarksívilnun á dag verði 500 kg.

Farsæll

Aðalfundur Farsæls, félags smábátæigenda í Vestmannaeyjum, haldinn 2. október 2013, samþykkti eftirfarandi:

9. Makrílveiðar smábáta verði frjálssar frá 11. júlí til 1. desember.
10. Ýsukvóti verði aukinn um 15 þús. tonn.
11. Aðalfundur Farsæls vill hafa val um 4 mánuði af 5 fyrir strandveiðar, þ.e. frá apríl til ágúst.
12. Aðalfundur Farsæls leggur til óbreytta línuívilnun meðan byggðakvóti er við lýði.
13. Leyfilegt verði að veiða lúðu sem meðafla.
14. Síldveiðar í lagnet verði leyfðar öllum smábátum óháð landsvæðum.

Árborg

*Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi,
haldinn 17. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

15. Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi beinir því til aðalfundar LS að stuðla af öllum mætti að auknum makrílpotti til handfæraveiða og skuli markið sett á 20.000 tonn hið minnsta, enda hafa færabátar sýnt það og sannað á síðustu tveimur árum að afkastagetan í makrílveiðunum er mikil og greinin hefur haft mjög skamman tíma til að byggja upp og þróa veiðarnar. Fundarmenn leggja til að makrílveiðum handfærabáta verði áfram stjórnað með heildarpotti.
16. Árborg beinir því til aðalfundar LS að lögum um línuvildun verði breytt á þann veg að allir línubátar sem stunda dagróðra eigi rétt á línuvildun óháð því hvernig línan er beitt. Línuvildun komi aðeins á fyrstu 4.000 þorskígildin í hverjum róðri, þannig sé stuðlað að hófsamari sókn og bættri meðferð afla.

Reykjanes

*Aðalfundur Reykjanes, félags smábátæigenda á Reykjanesi,
haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

17. Reykjanes skorar á ráðherra að gefa handfæraveiðar á makríl frjálssar, frá 1. júlí til 30. september.

Greinargerð

Það er búið að sýna sig og sanna að færaveiddur makrill er mikið stærri, feitari og verðmeiri en trollveiddur og því er bara aukin verðmætasköpun fengin með því að veiða sem mest með þessum hætti.

18. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax. Gríðarlegt magn er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.

19. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að strandveiðar verði heimilaðar 4 daga í viku hverri yfir tímabilið 1. maí til 31. ágúst.
20. Reykjanes leggur til að strandveiðiafli skerði ekki úthlutað aflamark.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátaeigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

21. Þar sem makrílstofninn er stærri en áætlað var í upphafi árs 2013 leggur Báran til að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar frá 20. júlí til 30. september.
22. Báran leggur til að heildarpottur á strandveiðum verði aukinn um 30% og veiðitímabil verði frá 1. mars til 30. júní á D svæði.
23. Ýsukvótinn verði aukinn um 30% í krókaafلامarki.
24. Síldveiðar í lagnet verði leyfðar á krókaafلامarkeisbátum.

Reykjavík

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur, haldinn 16. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

25. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur telur að gefa skuli makrílveiðar á smábátum frjálssar.

26. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum um hver mánaðamót sé þess óskað.

Sæljón

Aðalfundur Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi, haldinn 1. október 2013, samþykkti eftirfarandi:

27. **Strandveiðar**

Aðalfundur Sæljóns ítrekar tillögur frá 2012 þar sem óskað var eftir breytingum á tímabili strandveiða. Júlí / ágúst nýtast illa fyrir félagsmenn Sæljóns og kæmi sér betur að hafa mars / apríl.

28. **Ýsa**

Fundurinn lýsir furðu sinni á ákvörðun um ýsukvóta og krefst þess að kvótinn verði aukinn verulega.

Niðurskurður í ýsunni hefur skapað ómæld vandamál við nýtingu veiðiheimilda og ýsan bítur á krókana sem aldrei fyrr þó Hafró segi að hún sé ekki til staðar.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi, haldinn 15. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

29. Aðalfundur Snæfells mótmælir kvótasetningu á blálöngu.

30. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítluðu (lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.

31. Aðalfundur Snæfells hvetur LS að halda áfram af fullun þunga baráttunni fyrir strandveiðum með þeim tillögum sem strandveiðinefnd LS leggur til „Strandveiðar til framtíðar“.
32. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því af fullum þunga að úthlutað verði 15.000 tonnum af síld til handa krókabátum og smábátum með aflamark og fellt verði úr gildi að síldveiðileyfi sé sérleyfi.
33. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega veiðum nótaveiðiskipa á síld á grunnsævi í Breiðafirði. Það getur ekki talist vistvænt að veiða í 60 faðma djúpa síldarnót á 10 faðma dýpi. Fundurinn leggur til að umræddum skipum verði óheimilt að stunda þessar veiðar á grynna vatni (sjó) en sem svarar dýpt nótarinnar.
34. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 15. júlí ár hvert og standi til 20. september.

Rök: Áfram verði barist fyrir því að smábátar við Ísland fái að veiða úr 15.000 tonna potti eins og víðast hvar í öðrum löndum Evrópu nema í suður Noregi. Hvergi annars staðar í heiminum er eitt skip með eins mikinn makrílkvóta og hér á landi. Við smábátasjómenn þurfum að standa vörð um okkar rétt og ekki detta í þá skammsýni að semja um nokkur tonn til handa okkur. Við eigum að hafna öllum samningum næstu þrjú til fjögur árin eins og vinir okkar á Grænlandi voru að gera.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 21. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

35. Aðalfundur Króks samþykkir að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar.



36. Aðalfundur Króks skorar á ráðherra að auka veiðiheimildir í ýsu um 12.000 tonn.
Á liðnum árum hefur ýsa sem meðafli á línuveiðum orðið að miklu vandamáli þannig að ekki verður lengur við unað. Því verður aukning á veiðiheimildum eina lausnin.
37. Aðalfundur Króks vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafli enda ekki um beina sókn að ræða.
38. Aðalfundur Króks skorar á ráðherra að auka steinbítsheimild úr 7.500 í 12.000 tonn. Sjá rök um ýsu.
39. Fundurinn ályktar fyrri samþykktir um línuvílnun.
40. Fundurinn mælir með að strandveiðar verði 4 daga í viku maí - ágúst með nógildandi takmörkunum um dagsafla.
41. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að gerðar verði þær breytingar á löggjöf um strandveiðar að afli hvers veiðisvæðis fari eftir fjölda báta.
42. Að strandveiðar verði ekki leyfðar daginn eftir sjómannadag.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 22. september 2013 samþykkti eftirfarandi:

43. Strandveiðar. Settur skal aukinn kraftur í að fá leiðréttingu á strandveiðikerfinu þannig að leyft verði að veiða 4 daga í viku í 4 mánuði á ári frá 1/5 til 31/8 að öðru leyti verði farið eftir nógildandi reglum.
44. Aðalfundur Eldingar skorar á ráðherra að auka strax við úthlutað aflamark í ýsu vegna gríðarlegar ýsugengdar á grunnslóð.

Strandir

Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu, haldinn 22. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

45. Smábátafélagið Strandir skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við veiðiheimildir í ýsu og jafnframt að taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á grunnslóð þannig að þriðjungur þess sem veiðist þar verði utan kvóta.
46. Aðalfundur Stranda hvetur til að strandveiðar verði 4 samfellda mánuði á tímabilinu apríl - september. Heimilt verði að veiða 4 daga í hverri viku, mánudag – fimmtudag.
47. Aðalfundur Stranda fagnar þeirri aukningu sem verið hefur í makrílveiðum smábáta.
Félagið hvetur stjórnvöld til að tryggja nægjanlegar veiðiheimildir til veiðanna og auka þannig aflaverðmæti á hvert kíló á makríl samfara aukinni atvinnu við vinnslu hans í hinum dreifðu byggðum.

Skalli

Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra, haldinn 30. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

48. Aðalfundur Skalla tekur undir tillögur nefndar LS um frjálssar handfæraveiðar með þeirri viðbót að hægt sé að segja sig frá veiðunum um hver mánaðamót.
49. Aðalfundur Skalla gerir eftirfarandi samþykkt varðandi strandveiðar til aðalfundar LS:
 - a. Strandveiðar verði 4 samfellda mánuði, tímabilið apríl til og með september.
 - b. Heimilt verði að veiða 4 daga í viku mánudag – fimmtudag.

- c. Afli í hverri veiðiferð hámark 650 kg þorsgildi af kvótabundnum afla.
 - d. Aðeins verði farin ein veiðiferð á sólarhring (innan sama sólarhrings) og öllum afla landað að veiðiferð lokinni, eða áður en farið er í næstu veiðiferð.
 - e. Leyfi til strandveiða verði aðeins veitt bátum undir 10 brt.
 - f. Stjórnvöld tryggja nægjanlegar veiðiheimildir til veiðanna.
50. Aðalfundur Skalla skorar á ráðherra að auka nú þegar veiðiheimildir í ýsu að lágmarki um 15 þúsund tonn.
51. Aðalfundur Skalla hvetur ráðherra að gefa krókaveiðar á makríl frjálsar.

Klettur

Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes, haldinn 29. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

52. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þúsund tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
53. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að láta línuívilnun ná til allra dagróðrabáta. Jafnframt verði hámarksafli sem telur til línuívilnunar í hverri veiðiferð 4.000 kg.
54. Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálsar.
55. Aðalfundur Kletts leggur til að allir smábátar geti sótt um makrílveiðileyfi á króka hvenær sem er á fiskveiðiárinu.
56. Aðalfundur Kletts styður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS, veiði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur, 14 tímar, 650 þ.í.g. svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.

Fontur

Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi, haldinn 25. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

57. **Strandveiðar**

- a. Aðalfundur Fonts tekur undir hugmyndir um að stunda megi veiðarnar í 4 mánuði á 5 mánuðum, þ.e. einn mánuður verði í vali hvers og eins. (16 vikur á 5 mánuðum??)

Greinargerð

Misjafnt er milli svæða á strandveiðunum hvenær besta veiðin og besti fiskurinn er á hverju svæði. Fontur telur rétt að gera veiðarnar sveigjanlegri svo þær skili betri fiski á land sem líka skilar auknum verðmætum. Ekki nær nokkurri átt að strandveiðibátar stundi samkeppnisveiðar þegar vart fæst ætur fiskur á svæðinu og lítið sem ekkert verð fyrir hann heldur. Bátur sem stimplar sig inn t.d. 15 maí hefur leyfi til 15. september.

- b. Strandveiðar verði án magntakmarkana og heimilt verði að segja sig frá þeim um hver mánaðamót. Aðrar takmarkanir verði óbreyttar frá því sem nú er að því undanskildu að eignarhlutur þess sem rær sé a.m.k. 25%.
- c. Aðalfundur Fonts samþykkir að þorskígildi og undirmál skuli reiknast með sama hætti úr heildarpotti og þegar reiknaður er afli einstakra báta.

58. **Skötuselur, makrill og síld**

Aðalfundur Fonts vekur athygli Atvinnuvegaráðuneytisins á að ýmsar nytjategundir eins og skötuselur, makrill og síld í reknet hafa ekki veiðst á svæði félagsins og þar af leiðandi ekki nýst útgerðum á svæðinu. Rétt er að hafa framangreint í huga þegar sótt er hart á að flytja aflaheimildir af svæði Fonts (C svæði) yfir á önnur svæði sem njóta framangreindra tegunda.

59. Færaveiðar á makríl

Færaveiðar á makríl verði án magntakmarkana. Veiðitími verði 15. júlí til og með 30. september.

60. Línuívilnun

Aðalfundur Fonds krefst þess að aflaheimildir til línuívilnunar verði aukin og hún gildi um alla dagróðrabáta.

61. Þorskur, ýsa og ufsi

Aðalfundur Fonds skorar á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheimildir í þorski og ýsu auk þess að gefa færarveiðar á ufsa frjálssar.